

Er gert ráð fyrir, að honum verði skipt í deildir eftir tegundum afurða og hafi deildirnar aðskilinn fjárhag. Í samræmi við það skiptist stofnféð milli deilda eftir því, af hvaða afurðum það hefur verið greitt.

Sá afgangur, sem verða kann af verðbótasjóði frystra fiskafurða 1967, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, skal renna til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem stofnfé.

4. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests á árinu 1967 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á framfærslulögum nr. 80 5. júní 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 26. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í Reykjavík kemur félagsmálaráð í stað framfærslunefndar og annast framkvæmd framfærslumála. Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.